

Varðar:

Samkeppni um framtíðarskipulag Flensborgarhafnar

Starfshópur, skipaður fulltrúum frá hafnarstjórn og skipulags og byggingaráði Hafnarfjarðarbæjar, hittist alls fimm sinnum til að ræða meginmarkmið og útfærslu samkeppni um framtíðarskipulag Flensborgarhafnar. Markmið í samkeppnislýsingu byggja á skipulagslýsingu fyrir svæðið sem var gefin út og samþykkt af bæjaryfirvöldum í mars 2016.

Drög að samkeppnislýsingu með helstu markmiðum og forsendum skipulagsins fylgja með þessu minnisblaði en hún verður fullkláruð með þeirri dómnefnd sem skipuð verður í samkeppnina.

Tilhögun samkeppni verður eftirfarandi:

Opin hugmyndasamkeppni um framtíðarskipulag Flensborgarhafnar (nánar skilgreint í skipulagslýsingu fyrir svæðið).

Útbjóðendur eru Hafnarfjarðarhöfn og skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðarbæjar sem efna til samkeppninnar í samvinnu við Arkitektafélag Íslands

Dómnefnd mun skipa 5 manns, 2 þeirra verða skipaðir af Arkitektafélaginu og 3 skipaðir af útbjóðanda. Ráðgjafar frá skipulags- og byggingarsviði Hafnarfjarðar og Hafnarfjarðarhöfn munu vera dómnefndinni innan handar.

Stefnt verður að því að skipa dómnefnd í janúar 2017 og hún geti hafið störf í lok mánaðarins eða byrjun febrúar. Efna skal til samkeppninnar á vormánuðum sama árs án þess þó að tímaramminn stangist á við sambærilegar keppnir.

Heildarverðlaunafé skal vera 5 milljónir króna.

Borghildur Sturludóttir varaformaður skipulags- og byggingaráðs

Gylfi Ingvarsson hafnarstjórn

Guðrún Guðmundsdóttir verkefnastjóri umhverfis- og skipulagssviðs Hafnarfjarðar

Júlíus Andri Þórðarson skipulags- og byggingaráð

Lúðvík Geirsson hafnarstjóri

Magnea Guðmundsdóttir arkitekt og verkefnastjóri

Ólafur Ingi Tómasson formaður skipulags- og byggingaráðs

Unnur Lára Bryde formaður hafnarstjórnar